

Jafnlaunastefna Colas Ísland

Jafnlaunastefna Colas Ísland nær til alls starfsfólks fyrirtækisins og tekur mið af Jafnlaunastaðli ÍST85:2012, 6. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 ásamt viðeigandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Ákvarðanir launa og annarra hlunninda skulu byggðar á málefnalegum forsendum þar sem jafnræðis er gætt og tekið er mið af verðmæti starfa. Stefna Colas Ísland er að allt starfsfólk, óháð kyni, njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Með jöfnum kjörum er átt við að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir öll kyn. Þau viðmið sem lögð eru launaákvörðunum til grundvallar skulu ekki fela í sér kynjamismunun. Colas greiðir laun samkvæmt umfangi og eðli starfa og tekur mið af þeim kröfum sem störf gera um hæfni, ábyrgð, álag og vinnuaðstæður. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur fyrirtækið sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og vinna að stöðugum umbótum jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins ÍST85 og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Fyrirtækið hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund, þjóðerni eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Markmið fyrirtækisins er að kynbundinn launamunur innan þess verði enginn með vikmörk +/- 3%.

Til að ná þessum markmiðum mun Colas Ísland:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi samkvæmt Jafnlaunastaðli ÍST 85:2012.
- Framkvæma launagreiningar þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf og greina laun og hlunnindi starfsfólks til að kanna hvort um kynbundinn launamun sé að ræða og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki árlega.
- Bregðast við útskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Rýna markvisst í þá ferla og þær forsendur sem stjórn ákvörðunum um laun.
- Framkvæma skal árlega innri og ytri úttektir og rýni stjórnenda.
- Tryggja að viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma sé fylgt og staðfesta hlítungu árlega.
- Jafnlaunastefnan skal kynnt öllu starfsfólki og vera aðgengileg á vefsíðu Colas Ísland.

Þannig samþykkt í framkvæmdastjórn, 4. febrúar 2025.